

16. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvíkjandi Akureyr-
arhöfn, er fara í bága við lög þessi. 3. nóv.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Lög

um

breytingu á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar,
nr. 60, frá 10. nóvember 1913.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr landssjóði alt að 90,000 — níutíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega, þó ekki fyr en á árinu 1916.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 270,000 — tvö hundruð og sjötíu þúsund — króna lán, er sýslunefnd Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. og 2. grein í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar nr. 60, 10. nóv. 1913.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.